

1998 nr. 87 16. júní**Lög um opinbert eftirlit með fjármála-
starfsemi**

Tóku gildi 1. janúar 1999. *Breytt með* L. 99/1999 (tóku gildi 30. des. 1999), L. 11/2000 (tóku gildi 28. apríl 2000), L. 37/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), L. 50/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003), L. 67/2006 (tóku gildi 24. júní 2006), L. 55/2007 (tóku gildi 3. apríl 2007), L. 57/2007 (tóku gildi 3. apríl 2007), L. 111/2007 (tóku gildi 1. nóv. 2007; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2004/39/EB), L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 125/2008 (tóku gildi 7. okt. 2008), L. 5/2009 (tóku gildi 27. febr. 2009), L. 20/2009 (tóku gildi 27. mars 2009), L. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009), L. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), L. 82/2011 (tóku gildi 1. sept. 2011 nema brákv. sem tók gildi 30. júní 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 17/2013 (tóku gildi 1. apríl 2013; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2009/110/EB) og L. 47/2013 (tóku gildi 11. apríl 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið og gildissvið.**■ 1. gr. Markmið og skilgreiningar.**

□ Markmið laga þessara er að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lög þessi taka til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina.

□ Með fjármálastarfsemi er í lögum þessum átt við hvers konar starfsemi fyrirtækja, stofnana og annarra aðila sem tilgreindir eru í 2. gr.

□ Með eftirlitsskyldum aðilum er í lögum þessum átt við aðila sem eftirlit Fjármálaeftirlits tekur til skv. 2. gr.

■ 2. gr. Eftirlitsskyld starfsemi.

□ Eftirlit samkvæmt þessum lögum tekur til starfsemi eftirtalinnna aðila:

1. viðskiptabanka og sparisjóða,
2. lánastofnana annarra en viðskiptabanka og sparisjóða,
3. [rafeyrisfyrirtækja samkvæmt lögum um útgáfu og meðferð rafeyris og greiðslustofnana samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu],¹⁾²⁾

[4.]²⁾ váttryggingafélaga,

[5.]²⁾ félaga og einstaklinga sem stunda váttryggingamiðlun,

[6.]²⁾ fyrirtækja í verðbréfaþjónustu,

[7.]²⁾ verðbréfasjóða og rekstrarfélaga verðbréfasjóða,

[8.]²⁾ [kauphalla, skipulagðra verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga (MTF)],³⁾

[9.]²⁾ verðbréfamíðstöðva,

[10.]²⁾ lífeyrissjóða,

[11.]²⁾ aðila, annarra en greinir í 1. tölul., sem heimild hafa lögum samkvæmt til þess að taka við innlánnum.

□ Lögini taka einnig til eftirlits með annarri starfsemi en greinir í 1. mgr. sem Fjármálaeftirlitinu er falið samkvæmt sérstökum lögum.

□ [Lögini taka jafnframt til eftirlits og annarra verkefna gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma samkvæmt ákvæðum sérlaga.]⁴⁾

□ Um eftirlit með starfsemi innlendra aðila erlendis og erlendra aðila hér á landi fer samkvæmt ákvæðum sérlaga og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

□ Þegar vafi leikur á um hvort starfsemi fellur undir þessa grein sker stjórn Fjármálaeftirlitsins úr.

¹⁾ L. 17/2013, 47. gr. ²⁾ L. 37/2002, 19. gr. ³⁾ L. 111/2007, 13. gr. ⁴⁾ L. 67/2006, 1. gr.

II. kafli. Stjórnsýsla.**■ 3. gr. Stofnun.**

□ Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun

er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir [ráðherra].¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 276. gr.

■ 4. gr. Stjórn.

□ Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem [ráðherra]¹⁾ skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

□ Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.

¹⁾ L. 126/2011, 276. gr.

■ 5. gr. Forstjóri. Starfsmenn.

□ Forstjóri Fjármálaeftirlitsins er ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Forstjóri annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. [Kjararáð ákveður starfskjör forstjóra.]¹⁾

□ Forstjóri ræður starfsmenn til stofnunarinnar.

¹⁾ L. 87/2009, 8. gr.

■ 6. gr. Hæfi.

□ Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði. Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust.

□ Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

□ Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einka- hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.

□ Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

□ Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í og snerta hina eftirlitsskylda aðila. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

□ Ráðherra setur reglur¹⁾ um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Þar skal meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlut í þeim.

¹⁾ Rgl. 130/2014.

■ 7. gr. Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

□ Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við stofnunina.

□ Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Samráðsnefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

□ Nánar skal kveðið á um samráðsnefndina í reglugerð,¹⁾ meðal annars um skipan hennar.

¹⁾ Rg. 562/2001, sbr. 32/2009.

III. kafli. Starfsemi.**■ 8. gr. Eftirlit.**

□ [Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlits-

skyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitskyldra aðila.

□ [Ákvæði laga þessara eiga, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita eftirlitsúrræðum þessara laga við eftirlit og önnur verkefni gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem því er falið að framkvæma á grundvelli sérlaga og annarra reglna. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.]¹⁾²⁾

□ [Lendi eftirlitsskyldur aðili, annar en fjármálfyrirtæki, í sérstökum fjárhags- og/eða rekstrarerfiðleikum þannig að Fjármálaeftirlitið telur þörf á að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði gilda ákvæði 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki um heimildir Fjármálaeftirlitsins til inngríps í starfsemina.]³⁾

¹⁾ L. 67/2006, 2. gr. ²⁾ L. 11/2000, 2. gr. ³⁾ L. 125/2008, 7. gr.

■ 9. gr. Athugun og aðgangur.

□ [Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan. Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Sérfræðingurinn skal skipaður til tiltekins tíma, ekki lengri en fjögurra vikna í senn. Á hann rétt á að hafa starfsstöð hjá hinum eftirlitsskylda aðila og skal honum veittur aðgangur að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum og upplýsingum sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur í sinni vörslu og óskað er eftir. Sérfræðingurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Um þagnarskyldu hans fer skv. IV. kafla þessara laga.

□ Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð [sakamála],¹⁾ enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum sem Fjármálaeftirlitinu er falið að

hafa eftirlit með eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð [sakamála]¹⁾ beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.]²⁾

□ [Fjármálaeftirlitið skal við eftirlitsstörf sín, einkum í neyðartilfellum, taka tillit til mögulegra áhrifa ákvarðana og athafna eftirlitsins á fjármálastöðugleika hér á landi. Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa í huga að ákvarðanir og athafnir þess gætu haft áhrif í öðrum ríkjum og er Fjármálaeftirlitinu heimilt að eiga í samskiptum við eftirlitsaðila annarra ríkja í þeim tilfellum.]³⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 67/2006, 3. gr. ³⁾ L. 47/2013, 15. gr.

■ [9. gr. a. Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.]¹⁾

¹⁾ L. 20/2009, 1. gr.

■ 10. gr. Athugasemdir og úrbætur.

□ [Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

□ Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við, og er jafnframt heimilt að krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

□ Þegar svo stendur á sem greinir í 1. eða 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn eða framkvæmdastjórn hins eftirlitsskylda aðila til þess að fjalla um athugasemdir þess og kröfur og leiðir til úrbóta. Fulltrúa Fjármálaeftirlitsins er heimilt að stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tilögurétt.]¹⁾

□ [Ef stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar eftirlitsskyldra aðila uppfylla ekki hæfisskilyrði þeirra sérlaga sem um starfsemi hinna eftirlitsskylda aðila gilda getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að viðkomandi láti af störfum, ýmist tímabundið eða til frambúðar. Ef kröfum Fjármálaeftirlitsins er ekki sinnt innan hæfilegra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið einhliða vikið viðkomandi frá störfum. Slíkar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins útiloka ekki beitingu annarra heimilda þess.]²⁾

¹⁾ L. 11/2000, 4. gr. ²⁾ L. 67/2006, 4. gr.

■ [11. gr. Féviti og dagsektir.

□ [Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Ákvæði þetta tekur jafnt til eftirlitsskyldra aðila sem og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Sama gildir um aðila er veitt geta upplýsingar í þágu athugana samkvæmt ákvæðum þessara laga eða sérlaga. Greiddast dagsektirnar þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn er heimilt að fela forstjóra að taka ákvarðanir um dagsektir vegna reglubundinna gagnaskila eftirlitsskyldra aðila.

□ Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flýtimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrir en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málhöfðun til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

□ Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt févítí á aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Ákvæði þetta tekur jafnt til eftirlitsskyldra aðila sem og einstaklinga og lögaðila sem falla undir lög er Fjármálaeftirlitinu er falið að framkvæma. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Févítí getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvarðanir um févítí skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

□ Ákvarðanir um févítí og dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

□ Innheimt févítí og innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

□ Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu févítis og dagsetta í reglugerð.¹⁾²⁾³⁾

¹⁾ Rg. 397/2010. ²⁾ L. 67/2006, 5. gr. ³⁾ L. 11/2000, 5. gr.

■ [12. gr. Tilkynningarskylda.

□ [[Eftirlitsskyldur aðili eða einstaklingar og lögaðilar hafa að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegir við lög eða reglur sem Fjármálaeftirlitinu er falið að framfylgja og brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Aðgerðum Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein verður ekki skotið til dómstóla.]¹⁾

□ Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr. og 11. gr. skulu þegar í stað tilkynntar stjórn aðilans eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa nema ástæða sé til að ætla að fyrirhugaðar aðgerðir nái að öðrum kosti ekki tilæluðum árangri.]²⁾³⁾

¹⁾ L. 55/2007, 22. gr. ²⁾ L. 67/2006, 6. gr. ³⁾ L. 11/2000, 5. gr.

IV. kafli. [Þagnarskylda. Upplýsingaskipti. Samskipti við eftirlitsstjórnvöld og Seðlabanka Íslands.]¹⁾

¹⁾ L. 57/2007, 5. gr.

■ [13. gr.]¹⁾ Þagnarskylda.

□ [Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmennt, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

□ [Þagnarskylda skv. 1. mgr. hvílir á öðrum yfirvöldum, einstaklingum eða lögaðilum en þeim sem 1. mgr. tekur til ef þeir vegna starfa síns taka á móti eða komast að upplýsingum

sem leynt skulu fara, þar með talið um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra. Óheimilt er að nýta sér í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.]²⁾

□ [Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt sér-lögum eða öðrum lögum eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

□ Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir.]³⁾

□ Þegar eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram er heimilt við rekstur einkamála að upplýsa um at-riði sem þagnarskylda gildir annars um skv. 1. mgr. Þagnarskyldan gildir þó um upplýsingar sem varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna eftirlitsskylds aðila.

□ Opinber umfjöllun af hálfu þess aðila sem þagnarskyld- unni er ætlað að vernda um trúnaðarupplýsingar veitir starfs- mönnum Fjármálaeftirlitsins eða sérfræðingum sem starfa eða starfað hafa á vegum þess ekki heimild til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar.]⁴⁾

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ L. 47/2013, 16. gr. ³⁾ L. 67/2006, 7. gr. ⁴⁾ L. 11/2000, 6. gr.

■ [14. gr.]¹⁾ Samskipti við eftirlitsstjórnvöld.

□ [Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 13. gr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skil- yrdi að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki. Þagnarskylda skv. 1. mgr. 13. gr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja.

□ Semja má við eftirlitsstjórnvöld ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þeim eða tryggingastærðfræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa með þessum aðilum. Í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi á fjármálasviði skulu upplýsingaskipti einnig heimil milli eftirlitsstjórnvalda og stjórnvalda og aðila sem starfa að því að rannsaka brot á félagarétti.

□ Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki EES-samningsins er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.]²⁾

□ [Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er Fjármálaeftirlitinu heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.]³⁾

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ L. 11/2000, 7. gr. ³⁾ L. 67/2006, 8. gr.

■ [14. gr. a. Upplýsingaskipti.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga um fjar- sölu á fjármálaþjónustu í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

□ Við afhendingu upplýsinga og gagna skal setja sem skil- yrdi að:

1. gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga þessara,

2. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar,

3. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki Fjármálaeftirlitsins og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.]¹⁾

¹⁾ L. 57/2007, 4. gr.

■ [15. gr.]¹⁾ *Samskipti við Seðlabanka Íslands.*

□ Forstjóri Fjármálaeftirlitsins skal eiga reglulega samráðs-fundi með fulltrúum Seðlabankans. Þar skal hann veita upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem nauðsynlegar eru starfsemi Seðlabankans.

□ Fjármálaeftirlitið skal veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera [seðlabankastjóra]²⁾ viðvart.

□ Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

□ Stjórn Fjármálaeftirlitsins og [seðlabankastjóri]²⁾ skulu gera sérstakan samstarfssamning þar sem kveðið er nánar á um framkvæmd þessarar greinar.

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ L. 5/2009, 12. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ [16. gr.]¹⁾ *Skýrslugjöf.*

□ [Fjármálaeftirlitið skal gefa [ráðherra]²⁾ skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. september ár hvert. Í framhaldi af því gerir [ráðherra]²⁾ Alþingi grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins.]³⁾

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ L. 126/2011, 276. gr. ³⁾ L. 11/2000, 8. gr.

■ [16. gr. a. Í samræmi við skuldbindingar eða samþykktir á alþjóðavettvangi sem Ísland er aðili að skal Fjármálaeftirlitið gefa út tilkynningar um einstaklinga og lögaðila sem eftirlitsskyldum aðilum ber sérstaklega að kanna hvort stofnað hafi verið til viðskipta við og er þeim skylt að koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, svo sem afhendingu fjármuna, úttektir, millifærslu, eignarskráningu sem og önnur viðskipti, og hindra þannig að aðilar sem tilgreindir eru í tilkynningum eftirlitsins fái greiðslur í hendur eða geti nýtt fjármuni með öðrum hætti.

□ Fjármálaeftirlitið skal hlutast til um með tilkynningu til [embættis sérstaks saksóknara]¹⁾ að hald verði lagt á innstæður einstaklinga og lögaðila ef við framkvæmd eftirlitsins hefur komið í ljós að eftirlitsskyldur aðili hefur brotið gegn ákvæði 1. mgr. og haldlagning fjármuna hefur ekki átt sér stað.]²⁾

¹⁾ L. 82/2011, 5. gr. ²⁾ L. 50/2003, 1. gr.

■ [17. gr.]¹⁾ *Greiðsla eftirlitskostnaðar.*

□ [Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við

rekstur Fjármálaeftirlitsins. Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.]²⁾

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ L. 99/1999, 9. gr.

■ [18. gr.]¹⁾ *Málshöfðunarfrestur o.fl.*

□ Nú vill aðili ekki una ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðunarfrestur ekki réttaráhrifum ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins né heimild til aðfarar samkvæmt henni, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. laganna.

□ Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins verður ekki skotið til ráðherra.]²⁾

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ L. 67/2006, 9. gr.

■ [19. gr.]¹⁾ *Reglugerð.*

□ Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi Fjármálaeftirlitsins í reglugerð.²⁾ Þar skal m.a. kveðið á um ákvörðun og innheimtu dagsekta.

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr. ²⁾ Rg. 244/2004. Rg. 925/2009. Rg. 397/2010.

■ [20. gr.]¹⁾ *Viðurlög.*

□ Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða fangelsi allt að einu ári liggja ekki þyngrri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr.

■ [21. gr.]¹⁾ *Gildistaka o.fl.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Á sama tíma leggst starfsemi Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands niður.

□ Starfsmenn Vátryggingaeftirlitsins og bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem eru í starfi við gildistöku laganna skulu eiga rétt á starfi hjá Fjármálaeftirlitinu og halda óbreyttum launakjörum sínum og aðild að stéttarfélagi.

□ Ráðherra skal gangast fyrir endurskoðun á ákvæðum 16. gr. fyrir 1. janúar árið 2002.

□ Fjármálaeftirlitið fer með þau verkefni sem Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands eru falin samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 11/2000, 5. gr.

[Ákvæði til bráðabirgða.

□ Þrátt fyrir brottfall ákvæða um kærunefnd í 18. gr. skal kærunefnd ljúka meðferð þeirra mála sem skotið hefur verið til hennar við gildistöku laga þessara. Jafnframt er heimilt að skjóta til kærunefndar þeim ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins sem teknar eru fyrir gildistöku laga þessara. Kæran skal berast nefndinni innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæru sem berst eftir lok kærufrests skal vísa frá nefndinni. Úrskurður kærunefndar skal liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að bera úrskurði kærunefndar samkvæmt þessu ákvæði undir dómstóla.]¹⁾

¹⁾ L. 67/2006, 10. gr.